



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs,

Kópavogi, 24. október 2025
25102538/502.00 GEF

Efni: Sólarhvarf 2-10. Beiðni um heimild til veðsetningar.

Lóðarhafi lóðanna að Sólarhvarfi 2-10 hefur óskað eftir því að fá heimild til veðsetningar.

Lóðunum Sólarhvarfi 2-10 var úthlutað til Óskataks ehf. í 3. áfanga úthlutana í Vatnsendahvarfi. Óskar lóðarhafi eftir því að fá heimild fyrir veðsetningu að fjárhæð kr. 660.000.000,-. Miðað er við að sú fjárhæð sem óskað er veðsetningar fyrir, sé aldrei hærri en fokheldsverðmæti viðkomandi fasteignar. Um er að ræða eina raðhúsaloð með fimm íbúðum. Hámarksbyggingarmagn er samtals 1.276 m². Fokheldisverðmæti húsanna er áætlað um kr. 663.520.000,- og er umbeðin lánsfjárhæð því lægri en áætlað fokheldisverðmæti.

Beiðnin hefur verið yfirfarin af skrifstofu áhættu- og fjárstýringar sem gerir ekki athugasemdir.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að umbeðin heimild um veðsetningu að fjárhæð kr. 660.000.000,- verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Skrifstofustjóri umhverfissviðs

